

Lög

um breytingu á lögum nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna:

- a. 3. og 4. másl. orðast svo: Þá skal félagið greiða Hvalfjarðarstrandarhreppi og Skilmannahreppi fasteignaskatt sem skal vera 0,75% af 6.219 millj. kr., sem er áætlað verðmæti bygginga sem þarf til aukinnar álframleiðslu um 130 þús. lestir, miðað við byggingarvísitölu í desember 2004 (304,8). Þá skal félagið greiða Hvalfjarðarstrandarhreppi og Skilmannahreppi fasteignaskatt sem skal vera 0,75% af 1.007 millj. kr., sem er áætlað verðmæti bygginga sem þarf til aukinnar álframleiðslu um 40 þús. lestir, miðað við byggingarvísitölu í desember 2004 (304,8).
- b. Í stað orðanna „180 þús. lesta“ í 8. másl. kemur: 220 þús. lesta.
- c. Í stað orðanna „240 þús. lesta“ í 9. másl. kemur: 260 þús. lesta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 11. maí 2005.